UMHVERFIS
STOFNUN

Malbikunarstöð Hlaðbær-Colas hf
Gullhellu 1
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 27. apríl 2020
UST202003-184/S.I.
08.08.01

**Efni: Framlenging starfsleyfis fyrir Ammann stöðvar**

Vísað er til erindis Malbikunarstöðvarinnar Hlaðbær-Colas hf. þann 6. mars s.l. þar sem óskað er eftir framlengingu á starfsleyfinu sem gefið var út fyrir Ammann stöðvar sem eru færanlegar malbikunarstöðvar sem áður voru á vegum Norðurbiks ehf.

Skv. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir má útgefandi starfsleyfis framlengja gildistíma starfsleyfis meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn borist útgefanda.

Fullnægjandi starfsleyfisumsóknir hafa borist fyrir báðar stöðvarnar en Umhverfisstofnun hyggst gefa út tvö starfsleyfi í stað eins; eitt starfsleyfi fyrir hvora stöð.

Gildistími hins framlengda starfsleyfis rennur út 14. maí 2020. Að því virtu mun framlengingin sem hér er veitt gilda þar til nýtt starfsleyfi er gefið út eða í síðasta lagi til **14. maí 2021.**

Það skal tekið fram að vinna sem fellur á Umhverfisstofnun vegna þessarar framlengingar er skráð í verkbókhald á sama hátt og önnur vinna sem varðar auglýsingu og útgáfu nýrra starfsleyfa fyrir færanlegar malbikunarstöðvar fyrirtækisins og mun hún koma til viðbótar vegna uppgjörs við útgáfu þeirra starfsleyfa. Því fylgir þessari ákvörðun engin innheimta kostnaðar að svo stöddu.

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Sigurður Ingason
sérfræðingur